

Sþ.

480. Tillaga til þingsályktunar

um skipun milliþinganefndar til endurskoðunar útsvarslaganna.

Flm.: Steingrímur Aðalsteinsson, Lárus Jóhannesson, Bjarni Benediktsson,
Bernharð Stefánsson, Guðmundur Í. Guðmundsson.

Alþingi ályktar að kjósa með hlutfallskosningu 5 manna milliþinganefnd til
að endurskoða lögum um útsvör. Nefndin skal ljúka störfum sínum svo snemma, að
unnt verði að leggja tillögur hennar fyrir næsta reglulegt Alþingi. Kostnaður við
nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

G r e i n a r g e r ð .

Á þessum tveim síðustu þingum hefur efri deild haft til meðferðar frv. til
laga um breytingu á lögum um útsvör. Deildin hefur ekki tekið afstöðu til efnis
frv., vegna þess að ráðgerð hafði verið endurskoðun á lögum af hálfu rikis-
stjórnarinnar og Sambands íslenzkra sveitarfélaga. Nú hefur hæstv. félagsmála-
ráðherra lýst yfir því, að þessi endurskoðun verði ekki nógu viðtæk nema til þess
sé skipuð sérstök milliþinganefnd. Er því lagt til, að svo verði gert.